# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

Jan - Mars 2024

STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR Í HEIMI

NOVA
KLÚBBURINN

Efnisyfirlit bls.

| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .......... | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu .......... | 3 |
| Samandreginn efnahagsreikningur .......... | 4 - 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit .......... | 6 |
| Eiginfjáryfirlit .......... | 7 |
| Skýringar .......... | 8 - 10 |
| Ársfjórðungs niðurstöður .......... | 11 - 12 |

Nova Klúbburinn hf.
Kt. 620916-0560
Lágmúla 9, 108 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., en meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Samandreginn árshlutareikningur þessi samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. (félagið) og dótturfélagi þess Nova hf., saman nefnt „samstæðan". Samandregni árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til mars 2024 3.197 milljónum króna, samanborið við 3.195 milljónir króna á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 905 milljónir króna samanborið við 949 milljónir á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 133 milljónir króna samanborið við 159 milljónir á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.365 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.277 milljónir króna um áramót. Eiginfjárhlutfall er 39,7%, samanborið við 40,0% um áramót. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars og var sitjandi stjórn endurkjörin á fundinum. Á aðalfundinum var jafnframt samþykkt tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins sem nemur allt að 368.396.646 hlutum að nafnverði. Þá var samþykkt tillaga um að ekki verði greiddur út arður á árinu 2024. Á stjórnarfundi í apríl samþykkti stjórn, á grundvelli samþykktar aðalfundar í mars sl., að hefja endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 m.kr.

Jafnframt var samþykkt á aðalfundi félagsins í mars tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár félagsins með ógildingu eigin hluta félagsins, eða um sem nemur 133.310.000 kr. að nafnverði. Lækkunin var framkvæmd hjá fyrirtækjaskrá Skattsins þann 19. apríl sl. og var fyrsti viðskiptadagur með bréf félagsins eftir lækkun þann 24. apríl.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til mars 2024, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. mars 2024, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til mars 2024. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið janúar til mars 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2024

Stjórn

Sigríður Olgeirsdóttir
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Jón Óttar Birgisson
Meðstjórnandi

Magnús Árnason
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024

| | Skýringar | 1.1.-31.3 2024 | 1.1.-31.3 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala | 2 | 3.167.634 | 3.130.105 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 29.582 | 64.580 |
| | | 3.197.216 | 3.194.685 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.504.114 | 1.520.715 |
| Laun og launatengd gjöld | | 516.097 | 467.834 |
| Annar kostnaður | | 272.375 | 256.700 |
| | | 2.292.586 | 2.245.249 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 904.630 | 949.436 |
| Afskriftir | 3 | (542.992) | (512.472) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 361.638 | 436.964 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur | | 8.384 | 8.790 |
| Vaxtagjöld | | (207.268) | (241.028) |
| Gengismunur | | 3.242 | (5.975) |
| | 4 | (195.642) | (238.213) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 165.996 | 198.750 |
| Tekjuskattur | | (32.856) | (39.394) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 133.140 | 159.356 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunn- og þynntur hagnaður á hlut | | 0,04 | 0,04 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2024

| | Skýringar | 31. mars 2024 | 31. des. 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | 5 | 10.136.485 | 10.048.985 |
| Óefnislegar eignir | | 1.578.560 | 1.639.382 |
| Rekstrarfjármunir | | 4.089.713 | 4.030.146 |
| Leigueignir | | 4.312.431 | 4.291.639 |
| Aðrar fjáreignir | | 2.596 | 2.596 |
| Tekjuskattsinneign | | 481.363 | 475.656 |
| | | 20.601.148 | 20.488.404 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 533.149 | 405.306 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | 316.370 | 174.063 |
| Viðskiptakröfur | | 1.219.799 | 1.124.554 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 536.680 | 480.490 |
| Handbært fé | | 379.816 | 496.960 |
| | | 2.985.814 | 2.681.373 |
| **Eignir samtals** | | 23.586.962 | 23.169.777 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2024

| | Skýringar | 31. mars 2024 | 31. des. 2023 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.683.967 | 3.694.777 |
| Yfirverðsreikningur | | 2.293.491 | 2.327.553 |
| Varasjóðir | | 1.591.673 | 1.358.689 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.796.148 | 1.895.992 |
| | | 9.365.279 | 9.277.011 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 1.970.313 | 1.995.000 |
| Leiguskuldbindingar | | 6.340.201 | 6.328.508 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 2.966.528 | 2.963.728 |
| | | 11.277.042 | 11.287.236 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | 162.326 | 177.069 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 99.550 | 99.750 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.140.356 | 812.840 |
| Reiknaðir skattar til greiðslu | | 274.162 | 274.988 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 266.329 | 243.764 |
| Aðrar skuldir | | 940.624 | 932.852 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 61.294 | 64.267 |
| | | 2.944.641 | 2.605.530 |
| **Skuldir samtals** | | 14.221.683 | 13.892.766 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.586.962 | 23.169.777 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2024

| | Skýringar | 1.1.-31.3 2024 | 1.1.-31.3 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 133.140 | 159.356 |
| Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa: | | | |
| Afskriftir | | 542.992 | 512.472 |
| Tekjuskattur | | 32.856 | 39.394 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | 195.643 | 238.213 |
| | | 904.631 | 949.436 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Birgðir, (hækkun) | | (127.843) | (146.655) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun) | | (151.437) | (41.246) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun (lækkun) | | 174.889 | (156.744) |
| | | (104.391) | (344.645) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 8.384 | 8.790 |
| Greidd vaxtagjöld | | (187.060) | (190.246) |
| Greiddir skattar | | (39.389) | (254.167) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 582.175 | 169.168 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (411.982) | (375.493) |
| Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017 | 5 | (87.500) | 0 |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (62.050) | (69.486) |
| | | (561.532) | (444.979) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Keypt eigin hlutabréf | | (44.872) | 0 |
| Afborganir leiguskulda | | (54.521) | (49.003) |
| Afborganir annarra langtímaskulda | | (13.113) | (11.323) |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | (26.250) | (32.955) |
| | | (138.756) | (93.281) |
| **(Lækkun) á handbæru fé** | | (118.113) | (369.092) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | 969 | 3.853 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 496.960 | 664.790 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 379.816 | 299.551 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 31. mars 2024

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Staða 1. janúar 2023** | 3.817.277 | 2.710.068 | 1.183.637 | 1.342.224 | 9.053.206 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til mars 2023 | | | | 159.356 | 159.356 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð | | | 256.365 | (256.365) | 0 |
| **Staða 31. mars 2023 / 1. apríl 2023** | 3.817.277 | 2.710.068 | 1.440.002 | 1.245.215 | 9.212.562 |
| Hagnaður og heildarafkoma apríl til desember 2023 | | | | 569.464 | 569.464 |
| Kaup á eigin hlutabréfum | (122.500) | (382.515) | | | (505.015) |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | | 72.882 | (72.882) | 0 |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi umfram hlutdeild í hagnaði | | | (154.195) | 154.195 | 0 |
| **Staða 31. desember 2023 / 1. janúar 2024** | 3.694.777 | 2.327.553 | 1.358.689 | 1.895.992 | 9.277.011 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til mars 2024 | | | | 133.140 | 133.140 |
| Kaup á eigin hlutabréfum | (10.810) | (34.062) | | | (44.872) |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | | 13.314 | (13.314) | 0 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð | | | 219.670 | (219.670) | 0 |
| **Staða 31. mars 2024** | 3.683.967 | 2.293.491 | 1.591.673 | 1.796.148 | 9.365.279 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið") er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 31. mars 2024 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélagi þess, Nova hf., saman nefnt „samstæðan".

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

### 1.2 Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2023.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

### 1.3 Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

# Skýringar

## 2. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

| | |
|---|---|
| FlakkNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| FastNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| Vörusala: | Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar. |
| Aðrar sölutekjur: | Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað. |

| Janúar til mars 2024 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 418.986 | 0 | 418.986 |
| Yfir tímabil | 1.548.757 | 935.651 | 0 | 264.240 | 2.748.648 |
| Tekjur samtals | 1.548.757 | 935.651 | 418.986 | 264.240 | 3.167.634 |

| Janúar til mars 2023 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | | 0 | 468.312 | 0 | 468.312 |
| Yfir tímabil | 1.502.668 | 875.208 | 0 | 283.917 | 2.661.793 |
| Tekjur samtals | 1.502.668 | 875.208 | 468.312 | 283.917 | 3.130.105 |

Enginn einn viðskiptavinur keypti fyrir meira en 10% af tekjum félagins á tímabilinu.

## 3. Afskriftir

| Afskriftir greinast þannig: | Jan-mars 2024 | Jan-mars 2023 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 122.873 | 122.324 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 352.416 | 327.230 |
| Afskriftir nýtingaréttar leigueigna | 67.703 | 62.918 |
| | 542.992 | 512.472 |

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig: | Jan-mars 2024 | Jan-mars 2023 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 8.384 | 8.790 |
| Vaxtagjöld leiguskuldbindinga | (112.049) | (101.130) |
| Vaxtagjöld annarra skulda | (19.349) | (16.707) |
| Verðbætur annarra skulda | (16.198) | (51.061) |
| Vaxtagjöld langtímalána | (58.411) | (71.439) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1.261) | (691) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (207.268) | (241.028) |
| Gengismunur | 3.242 | (5.975) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals | (195.642) | (238.213) |

## 5. Málarekstur

Þann 18. mars sl. var gengið frá samkomulagi um fullnaðaruppgjör í máli seljenda Símafélagsins ehf. gegn Nova hf. og lauk málinu þann dag með niðurfellingu þess í héraðsdómi, án kostnaðar. Í samræmi við efni samkomulagsins greiddi Nova til seljenda Símafélagsins eingreiðslu að fjárhæð 87,5 m.kr. þann 25. mars sl. til fullnaðaruppgjörs á öllum kröfum þeirra, þ.m.t. vaxta- og málskostnaðarkröfum. Fjárhæðin er færð til hækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar.

## 6. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið hafið kaup á eigin hlutum í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup eigin hluta.Til og með 3. maí nema kaup eigin bréfa samtals 3.145 þúsund hlutum að nafnverði á meðalgenginu 4,03 fyrir alls 13.955 þ.kr. sem nemur 0,09% af útistandandi hlutafé félagsins.

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2024 í mkr.: | F1 2024 |
|---|---|
| FlakkNet | 1.549 |
| FastNet | 936 |
| Vörusala | 419 |
| Aðrar sölutekjur | 264 |
| Aðrar rekstrartekjur | 30 |
| **Rekstrartekjur** | **3.197** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.504) |
| Laun og launatengd gjöld | (516) |
| Annar kostnaður | (272) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.293)** |
| **EBITDA** | **905** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (352) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (123) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (68) |
| **Afskriftir** | **(543)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **362** |
| Vaxtatekjur | 8 |
| Gengismunur | 3 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (58) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (112) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (19) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (16) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(196)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **166** |
| Tekjuskattur | (33) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **133** |
| | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (167) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **738** |
| | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | |
| EBITDA hlutfall | 28,29% |
| EBITDAaL hlutfall | 23,08% |
| Hagnaður á hlut | 0,036 |
| | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2024** |
| Eiginfjárhlutfall | 39,71% |
| Veltufjárhlutfall | 1,014 |

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2023 í mkr.: | F1 2023 | F2 2023 | F3 2023 | F4 2023 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.503 | 1.547 | 1.604 | 1.523 | 6.177 |
| FastNet | 875 | 885 | 896 | 901 | 3.557 |
| Vörusala | 468 | 473 | 452 | 592 | 1.985 |
| Aðrar sölutekjur | 284 | 278 | 280 | 276 | 1.118 |
| Aðrar rekstrartekjur | 65 | 33 | 23 | 35 | 155 |
| Rekstrartekjur | 3.195 | 3.217 | 3.255 | 3.327 | 12.993 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.555) | (1.582) | (1.569) | (1.685) | (6.391) |
| Laun og launatengd gjöld | (468) | (460) | (408) | (459) | (1.796) |
| Annar kostnaður | (223) | (201) | (182) | (221) | (827) |
| Rekstrarkostnaður | (2.245) | (2.243) | (2.159) | (2.366) | (9.014) |
| EBITDA | 949 | 973 | 1.095 | 961 | 3.979 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (327) | (346) | (354) | (371) | (1.399) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (122) | (125) | (117) | (124) | (488) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (63) | (67) | (67) | (68) | (266) |
| Afskriftir | (512) | (538) | (539) | (563) | (2.152) |
| Rekstrarhagnaður | 437 | 435 | 556 | 398 | 1.826 |
| Vaxtatekjur | 9 | 10 | 9 | 60 | 88 |
| Gengismunur | (6) | (0) | 7 | (8) | (7) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (71) | (74) | (81) | (92) | (318) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (101) | (108) | (102) | (100) | (412) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (17) | (17) | (17) | (19) | (69) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (51) | (95) | (39) | (36) | (222) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (1) | (1) | (1) | (3) |
| Fjármagnstekjur og gjöld | (238) | (284) | (224) | (197) | (943) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 199 | 151 | 333 | 201 | 884 |
| Tekjuskattur | (39) | (30) | (66) | (19) | (155) |
| Hagnaður ársins og heildarafkoma | 159 | 121 | 266 | 182 | 729 |
| | | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (150) | (154) | (152) | (149) | (606) |
| EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16) | 799 | 819 | 943 | 811 | 3.372 |
| | | | | | |
| Kennitölur í rekstrarreikning | | | | | |
| EBITDA hlutfall | 29,72% | 30,26% | 33,65% | 28,87% | 30,62% |
| EBITDAaL hlutfall | 25,02% | 25,46% | 28,97% | 24,38% | 25,96% |
| Hagnaður á hlut | 0,042 | 0,032 | 0,070 | 0,049 | 0,193 |
| | | | | | |
| Kennitölur í efnahagsreikning | 31.3.2023 | 30.6.2023 | 30.9.2023 | 31.12.2023 | |
| Eiginfjárhlutfall | 40,30% | 39,48% | 40,06% | 40,04% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,166 | 1,005 | 1,115 | 1,029 | |